

Nd.

730. Nefndarálit

um frv. til laga um ófriðartryggingar.

Frá allsherjarnefnd.

Allsherjarnefnd hefur athugað frv. þetta og mælir með, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 3. gr.
 - a. Í stað „önnur mannvirki“ í 1. mgr. komi: önnur tryggingarskyld mannvirki.
 - b. Í stað „atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið“ í 2. mgr. komi: atvinnumálaráðuneytið.
2. Við 6. gr.
 - a. 2. másl. fyrri málsgr. orðist þannig: Vextir þessir ganga fyrst og fremst til greiðslu vaxta af kröfum þeim, sem tryggðar eru með þinglesnum veðrétti í fasteign þeirri, sem skemmzt hefur eða farizt, og greiðast þeir á umsömdum gjalddögum veðskuldarinnar.
 - b. Orðið „umsamdar“ í 3. másl. sömu mgr. falli burt.
 - c. 4. másl. sömu mgr. orðist þannig: Þó greiðist ekki hærri árleg afborgun af neinni slíkri skuld en sem svarar $\frac{1}{20}$ hluta hennar, eins og hún var þegar fasteignin skemmdist eða fórst, og eigi hærri árlegir vextir en 5%, og geta veðhafar eigi krafizt frekari greiðslu meðan fasteignin er ónothæf eða bætur eigi greiddar að fullu.
 - d. 2. málsgr. orðist þannig:

Verði eitthvað afgangs af tóðum 5% vöxtum, þegar greiddir hafa verið vextir af veðkröfum samkv. framansögðu, greiðist það til eiganda fasteignarinnar í lok hvers árs.

3. Við 9. gr. Í stað „6. gr. 2. og 3. mgr.“ í fyrri mgr. komi: 6. gr.
4. Við 17. gr. Í stað „2 af hundraði“ komi: 2%.
5. Við 18. gr. Í stað „völdum styrjaldarinnar“ komi: völdum hernaðar.
6. Við 27. gr. Síðari málsgr. orðist svo:

Um mat á tjóni og ákvörðun bótagreiðslu fer eftir þeim reglum, er gilda um brunatjón, að svo miklu leyti sem þær geta átt við.

7. Við 30. gr.
 - a. Orðin „og orðið hefur“ í 1. mgr. falli burt.
 - b. 3. og 4. mgr. orðist þannig:

Ef bæta þarf tjón samkv. II. og III. kafla eða greiða vexti og afborganir samkv. 6. gr., sbr. 16. gr., og innheimt iðgjöld hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, er Ófriðartryggingunni heimilt að taka — til bráðabirgða — lán gegn veði í iðgjöldunum.

Nú þarf að bæta tjón samkv. IV. kafla þessara laga, og innheimt gjöld samkv. 18. gr., sbr. 17. gr., hrökkva ekki fyrir þeim greiðslum, og er þá ríkisstjórninni heimilt að taka lán eða veita nauðsynlegar tryggingar fyrir láni, er Ófriðartryggingin tekur, til þess að hægt sé að bæta ófriðartjón á vörubirgðum eða öðru lausafé eins fljótt og nauðsyn ber til.

GG áskilur sér rétt til að bera fram brtt. við 7. og 21. gr.

JGM telur það galla á frv., að ekki er gert ráð fyrir að koma á fót persónutryggingu vegna ófriðarins og áskilur sér rétt til að bera fram tillögur um það efni, ef tækifæri gefst.

Alþingi, 11. júní 1941.

Bergur Jónsson,	Vilm. Jónsson,	Garðar Þorsteinsson,
form.	fundaskr.	frsm.
Gisli Guðmundsson.	Jóh. G. Möller.	